

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Lundur 20 og 22. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lund 20 og 22. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrirhugaðs fjölbýlishúss að Lundi 22 færist 3 m til vesturs og stækkar til vesturs um 2,3 m. Íbúðum fjölgar úr 6 í 7. Húsið hækkar um eina hæð sem er inndregin að hluta, en byggingarreitur lækkar um 70 sm í landi. Lóðamörk breytast þannig að lóð Lunda 20 stækkar úr 2.296 m<sup>2</sup> í 2.332 m<sup>2</sup> og lóð Lunda 22 stækkar úr 1.526 m<sup>2</sup> í 1.545 m<sup>2</sup>. Bílastæðum á lóð Lunda 22 fjölgar úr 8 í 12 og á lóð Lunda 20 breytist aðkoma og fyrirkomulag bílastæða sem fjölgar úr 13 í 15.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Lundur 24-26 og 28-30. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lund 24-26 og 28-30. Í breytingunni felst að hluti byggingarreits húsa 24 og 28 stækkar til suðurs um 2 metra, heildarstækkun hvers húss er um 8 m<sup>2</sup>. Lóðamörk Lunda 24-26 færast 3 metra til suðurs og stækkar lóðin um 90 m<sup>2</sup> og verður eftir breytingu 780 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Dalaping 12. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalaping 12. Í breytingunni felst að sólstofa er reist við suðaustur hluta hússins á annarri hæð, á þaki bilgeymslu.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Dalbrekka 12. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. febrúar 2018 tillögu að deiliskipulagi fyrir Dalbrekku 12. Í breytingunni felst að hækka Dalbrekku 12 um eina hæð, fjölga um eina íbúð og færa íbúð sem samþykkt var að Dalbrekku 2 að Dalbrekku 12. Hækkun hússins fer ekki upp fyrir samþykktan byggingarreit. Bílastæðum fjölgar um eitt.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Auðbrekka 7. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Auðbrekku 7. Í breytingunni felst að að fjölga íbúðum úr 6 í 10. Bætt er við einni íbúðarhæð á nyrðri hluta byggingarreits en hámarkshæð hússins fer ekki yfir hámarkshæð byggingarreits í samþykktu deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að byggingarreitur stækki til austurs að norðurlóðamörkum Auðbrekku 9-11 á 1. hæð og kjallarahæðum. Gert er ráð fyrir svölum austan íbúðarhæðar á 3. hæð. Heildarbyggingarmagn eykst úr 1.735 m<sup>2</sup> og verður eftir breytingu 2.000 m<sup>2</sup>. Bílastæðum fjölgar um tvö.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.  
Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Askalind 5. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Askalind 5. Í breytingunni felst að byggingarreitir stækkar um 27 m<sup>2</sup> til norðurs til að koma fyrir stiga- og lyftuhúsi á þremur hæðum. Byggingarreitir hækkar einnig um 0,7 m á tilgreindum stað ásamt því að fara 2,5 m inn á núverandi þak. Byggingarreitir stækkar um 61 m<sup>2</sup> til austurs þar sem gert er ráð fyrir rými í lokunarflokki B og svölum þar ofan á með aðgengi frá 2. hæð. Heildarflatarmál stækkunar nemur 202 m<sup>2</sup>. Bílastæði eru færð nær götu og eru þá 0,8 m frá lóðarmörkum, bílastæðum fækkar um tvö samhliða breytingunni.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.  
Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 5. apríl 2018.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2018